

Lambastaðir, Flóahreppi 26. október 2019

Athugasemdir vegna starfsleyfistillögu.  
Orkugerðin, ehf. Heiðargerði 5, Flóahreppur.  
Kt. 580169-7249

Við undirrituð erum nágrennar Orkugerðarinnar í Flóahreppi, en við búum í ca. hálfis kílómetra fjarlægð í háaustur frá verksmiðjunni. Ekki er hægt að segja að mikill sómi hafi verið af umræddri verksmiðju og er þá sama hvort talað er um lyktarmengun, sjónmengun, ljósmengun eða umgengni almennt í nánd við byggingarnar. Við höfum verið nágrennar frá árinu 2005 og á þeim tíma höfum við margítrekað kvartað undan þessari starfsemi. Meðfylgjandi myndir segja meira en orð þegar metið er hvort fabrikkar starfi í samræmi við þau ákvæði sem sagt er að hún eigi að uppfylla.

Vakin er athygli á því að verksmiðjan er staðsett í miðju landbúnaðarhéraði og spurning hvort hún sé góð ímynd íslensk landbúnaðar eða eigendum sínum til sóma.

Við undirrituð leggjums alfarið gegn því að Orkugerðinni ehf. verði veitt starfsleyfi til áframhaldandi reksturs án verulegra endurbóta á tækjabúnaði, endurskipulagningu verkferla í framleiðslu og vöktun, útblásturs og fráveitu og ljósmengunar.

Undanfarin ár hefur verið óásættanleg mengun frá þessu fyrirtæki, ljósmengun, lyktarmengun, loftmengun og mengun frá frárennsli, olíuskiljum og olíutanki. Olía og drulla frá verksmiðjunni hefur runnið úti jarðveginn fyrir norðan hús og er mikill sóðaskapur á útisvæði og öll umgengni til skammar. Meðfylgjandi myndir sanna það sem að ofan er sagt. Og þær sanna líka að ástandið hefur ekki tekið miklum stakkaskiptum í seinni tíð og hlýtur að teljast óásættanlegt.


Lóðin er ekki fjárheld sem er nokkuð sérstakt í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Sérkennilegt er að stjórnendur geti ekki tekið mið af því sem segir í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 varðandi ljósmengun, en það er eitt að þeim atriðum sem ábúendur Lambastaða hafa ítrekað kvartað undan.


Margóft hefur verið kvartað yfir starfsemiinni, en lítið hefur hafst upp úr krafsinu. Frjálslega er farið með staðreyndir í skýrslu um grænt bókhald 2016, þar er augljóslega verið að reyna að fegra raunveruleikann, sjá bls. 8.

Á blaðsíðum 1 - 14 má sjá myndir og stuttan texta sem lýsir ástandinu undangenginna ára. Ljósmyndir eru í tímaröð, nýjustu myndirnar fremst en eldri myndir aftar.

Undirrituð hafa ítrekað sent kvartanir til forsvarsmanna kjötmjölsverksmiðjunnar, Flóahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar en hafa ekki haft erindi sem erfiði.

Gjört á Lambastöðum á fyrsta degi vetrar á því herrans ári 2019.

  
141055-3199

  
140558-3509



Ljósmynd tekin 24. nóvember 2019

Öflugir kastarar eru á kjötmjölsverksmiðjunni og samræmast þeir ekki aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029.

Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

- Umgengni verði til fyrirmyndar
- Útilýsing skal vera þannig að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða né valdi hún nágrönnum ónæði.
- Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Leiðir:

- Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.
- Íbúar verði hvattir til snyrtilegrar umgengni.
- Reglulega verði staðið fyrir hreinsunaráttaki í sveitarfélaginu.
- Forðast skal óþarfa lýsingu, ljósinu skal beint niður, eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars og eins fyrir birtu og lýsingu. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

Úr aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029



Ljósmynd tekin 24. nóvember 2019

Drulla lekur út í jarðveginn úr síló sem er staðsett fyrir norðan verksmiðjuna.

Úr tillögu að starfslýsingu:

“3.3 Hráfnisgeymslur og vöru-  
geymslur

Geymslur skulu ekki vera  
yfirfulltar þannig að hætta sé  
á mengunaróhöppum. Enginn  
mengandi efni mega  
leka í jarðveg”.



Ljósmynd tekin 24. nóvember 2019



Ljósmynd tekin 24. nóvember 2019



Ljósmynd tekin 24. nóvember 2019



Ljósmynd tekin 5. september 2019

Í reglugerð um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum nr. 820 frá 13. september 2007 Viðauka 1. kafla segir svo í 1. a. “Lóð skal vera þrífaleg og aðkeyrslubrautir með varanlegu slitlagi”.

Einnig segir: “Lóðin skal girt grípheldri girðingu” og svo frv.

Tæpast má finna það út að þessi lóð uppfylli þau skilyrði að vera þrífaleg.



Ljósmynd tekin 12. september 2019  
<https://youtu.be/q6ni3GwBZIQ>

Í reglugerð um loftgæði nr. 787 frá 1999 III. Kafla Varnir gegn loftmengun segir svo í 5. gr. 1. “Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu lofti”.

Sjá myndir hér á þessari síðu sem sýna mikla loftmengun frá kjötmjölsverksmiðjunni.

Hægt er að sjá myndbönd inn á Youtube, sjá tengla undir myndum.



Ljósmynd tekin 24. júní 2019  
<https://youtu.be/AwJIPrvdYJY>

Myndirnar í þessari opnu eru teknar 25. janúar 2018. Eins og sést er sóðaskapurinn á útisvæði verksmiðjunnar hrikalegur.

Hér eru nokkrar setningar úr tillögu að starfsleyfi:

### 2.1 Starfshættir og umhverfis-markmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga úr umhverfisáhrifum.

### 2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

### 3.2 Móttaka og flutningur hráefna

Við móttöku hráefna skal gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu. Viðkvæmt hráefni skal fara í vinnslu innan sólarhrings frá móttöku og annað hráefni skal unnið sem fyrst. Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur.

### 3.3 Hráfnisgeymslur og vörugymslur

Geymslur skulu ekki vera yfirfylltar þannig að hætta sé á mengunaróhöppum. Enginn mengandi efni mega leka í jarðveg.



Ljósmynd tekin 25. janúar 2018



Ljósmynd tekin 25. janúar 2018



Ljósmynd tekin 25. janúar 2018



Ljósmynd tekin 25. janúar 2018



Ljósmynd tekin 25. janúar 2018



Ljósmynd tekin 25. janúar 2018

Hér á þessari opnu má sjá myndir teknar í mars 2017.

Útblástur úr skorsteinum hefur verið mikill og spurning hvort þessi útblástur standist viðmið sem upp eru gefin í starfsleyfistillögunni.


Hægt er að sjá myndbönd inn á Youtube, sjá tengla undir myndum.



Ljósmynd tekin 23. nóvember 2018  
<https://youtu.be/TrMKilzhN4s>



Ljósmynd tekin 23. mars 2017  
<https://youtu.be/gVZBm5vIAfo>



Ljósmynd tekin 20. mars 2017  
<https://youtu.be/NDWge7VBDu8>



Ljósmynd tekin 20. mars 2017



Ljósmynd tekin 20. mars 2017



Ljósmynd tekin 18. júní 2017

Frárennsli og olíuskiljur anna engan vegin þörf og drullan vellur út í umhverfið eins og sjá má á þessum myndum. Þá lekur olía úr oliutank eins og sjá má á neðstu myndinni á þessari síðu.



Í skýrslunni “Grænt bókhald 2016” sem þeir Steinþór Skúla-son, Guðmundur Svavarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson skrifa undir er sagt:

“Rekstur fyrirtækisins með tilliti til umhverfismála var með eðlilegum hætti á árinu 2016 og voru enginn umhverfisfrávik skráð á árinu”.

Myndirnar á þessari opnu eru teknar árið 2016 og hefur ástandið í umhverfismálum hjá kjötmjölsverksmiðjunni sjaldan verið jafn slæmt og einmitt þetta ár.

Það er spurning hvort þeir aðilar sem skrifa undir þessa skýrslu séu ekki meðvitaðir um ástandið í umhverfismálum hjá þessu fyrirtæki eða hvort þeir halda þessu fram gegn betri vitund?

1 SKÝRSLA STJÓRNAR

Yfirlýsing stjórnar Orkugerðarinnar ehf.

Grænt bókhald fyrir árið 2016

Stjórn Orkugerðarinnar ehf. staðfestir hér með að allar upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og lagðar fram eftir okkar bestu vitund. Upplýsingarnar eiga að gefa gott yfirlit yfir starfsemi okkar á þessu ári.

Rekstur fyrirtækisins með tilliti til umhverfismála var með eðlilegum hætti á árinu 2016 og voru engin umhverfisfrávik voru skráð á árinu. Í kafla 8 koma fram helstu fyrirbyggjandi verkefni á sviði umhverfismála og er það áframhaldandi verk stjórnar að vinna að þeim málum. Megin verkefnin eru að ljúka úrbótum í fráveitumálum og finna aukaafurðum farveg.

Þessi skýrsla er áfangi í vinnu okkar við að bæta starfsemi fyrirtækisins með það að markmiði að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfi og lífríki í nágrenni verksmiðjunnar.

Þessi skýrsla inniheldur grænt bókhald og hefur verið gerð með hliðsjón af reglugerð nr. 851/2002, sbr. staðfestingu þar á í lok hennar.

Flóahreppur, 15. 6. 2017

Fh. stjórnar Orkugerðarinnar ehf.


Steinþór Skúla-son  
Guðmundur Svavarsson  
Guðmundur Tryggvi Ólafsson

2

Undirskrift stjórnar Orkugerðarinnar



Ljósmynd tekin 29. apríl 2016



Ástandið á fráveitu hefur alla tíð verið óviðunandi og drulla lekið úr rörum sem koma hér og þar útúr húsinu. Þá hafa brunnar fyllst og ekki hefur verið séð um að tæma þá þannig að fita og drulla hefur gubbast útúr þeim.

Ljósmynd tekin 29. apríl 2016



Ljósmynd tekin 29. apríl 2016



Ljósmynd tekin 29. apríl 2016

Hér á þessari opnu má sjá myndir teknar í apríl 2015 og í maí 2013.

Myndirnar skíra sig sjálfar.



Ljósmynd tekin 27. apríl 2015



Ljósmynd tekin 27. apríl 2015



Ljósmynd tekin 5. maí 2013



Ljósmynd tekin 5. maí 2013

Frárennsli og olíuskiljur anna engan vegin þörf og drullan vellur út í umhverfið eins og sjá má á þessum myndum. Þá liggur kjötmjól í pöku á víð og dreif eins og sjá má á þessum myndum.



Ljósmynd tekin 5. maí 2013




Ljósmynd tekin 5. maí 2013

Hér á þessari síðu má sjá myndir teknar í ágúst 2013 og í október 2012.


Myndirnar skíra sig sjálfar.



Ljósmynd tekin 19. ágúst 2013



Ljósmynd tekin 20. október 2012



Ljósmynd tekin 20. október 2012



Myndir teknar í apríl 2009.  
Kjöt mjöl í stöflum fyrir utan  
verksmiðjuna, þokar hafa oltið  
á hliðina eins og sést á þessum  
myndum.

Ljósmynd tekin 19. apríl 2009



Ljósmynd tekin 19. apríl 2009



Þessar myndir sem eru hér í  
þessum bækling ættu að sýna  
það hvernig ástandið er búið  
að vera undanfarin ár þrátt  
fyrir ítrekaðar umkvartanir til  
framkvæmdarstjóra fyrirtæki-  
sins, Heilbrigðiseftirlits Suður-  
lands, Umhverfisstofnunar og  
Flóahrepps.

Ljósmynd tekin 19. apríl 2009



Ljósmynd tekin 17. apríl 2008